



Sjúkraliðafélag Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 130/757
komudagur 16.1.2004

Reykjavík 13. janúar 2004.

Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10,
150 – Reykjavík.

nefndarsvid@althingi.is

Sjúkraliðafélagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Félagið vill af gefnu tilefni koma á framfæri við hið háa Alþingi sínum hörðustu mótmælum við fyrirhuguðum breytingum á lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Breytingum sem félagið telur á engan hátt í takti við tímann. Megináhersla Alþingis ætti að vera bætt réttarstaða launþega og annarra þegna samfélagsins.


Tilgangur breytinganna er sögð vera til að auðvelda forstöðumönnum að segja starfsmönnum upp störfum, án undangenginnar áminningu. Af því tilefni er rétt að vekja athygli á þeirri staðreynd sem máske hefur farið fram hjá árvökulum augum þingmanna, að þessa dagana eru ráðgerðar uppsagnir u.þ.b. 300 starfsmanna Landspítala – háskólasjúkrahúss, án áminninga eða nokkurs annars aðdraganda sem starfsmönnum verður kennt.


Jafnframt liggur það fyrir, að samkvæmt kröfu Alþingis, skuli jafnmörgum starfsmönnum sjúkrahússins sagt upp störfum í upphafi árs 2005, sem fyrirsjáanlega mun færa heilbrigðisþjónustu landsins til verri vegar fyrir þjóðina alla og valda henni óbætanlegum skaða.

Rétt er að vekja athygli stjórnvalda á þeirri staðreynd að ofangreindar og fyrirhugaðar uppsagnir á Landspítala – háskólasjúkrahúsi á árunum 2004 og 2005 eru teknar á grundvelli gildandi laga nr. 70/1996 sem á engan hátt eru til að hindra eða koma í veg fyrir ákvörðun Alþingis Íslendinga í greindum tilvikum.

Félagið vill að lokum ítreka mótmæli sín og krefjast þess að fallið verði frá öllum hugmyndum um lakari ráðningarfestu starfsmanna ríkisins en vísar að öðru leyti til meginsjónarmiða BSRB, - KÍ og BHM um breytingar á lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Virðingarfyllt
f.h. Sjúkraliðafélags Íslands.


Kristín A. Guðmundsdóttir, formaður.


Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri.